# Sóknaráætlun Norðurlands vestra

## 2025–2029







SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

# Um Aton

Hjá Aton starfa um 40 sérfræðingar
sem sérhæfa sig í ráðgjöf um samskipti,
stefnumótun, hönnun og markaðsmál.

Við aðstoðum fyrirtæki, stofnanir og
félagasamtök við að móta stefnu og
koma henni skýrt á framfæri þannig
að innleiðing hennar verði árangursrík.



# Tímalína

2024/25



# Greining

Ýmis gögn rýnd og mat lagt á árangur fyrri sóknaráætlunar



























Aton.

# Greining og samráð

| Netkönnun | Djúpviðtöl |
| --- | --- |
| Netkönnun send til sveitarstjórnafulltrúa og sveitarstjóra í lands-hlutanum í lok maí | Viðtöl tekin við ólíka aðila úr samfélaginu, m.a. úr atvinnulífi, stofnunum, mennta- og menningarmálum |

# Greiningu lokið




Aton.

# Drög að málaflokkum mótuð



**01** Samvinna, jákvæðni og bjartsýni

**02** Góður staður til að búa á





**03** Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

**04** Sjálfbær landshluti



# Tímalína

2024/25




Aton.

# Samráð um markmið og aðgerðir















SPURNING 3:
Hvernig má byggja upp enn öflugra menningarlíf í landshlutanum?
finnst ykkur mikilvægastir?

Aton.




# Um sóknaráætlun

- Framtíðarsýn
- Málaflokkar
- Áherslur
- Markmið

Aton.



## Framtíðarsýn

Á Norðurlandi vestra er framsækið og samheldið samfélag sem byggir á traustum grunni. Jákvæðni og bjartsýni ríkir á svæðinu sem einkennist af fjölbreyttu atvinnulífi, nýsköpun og drifkrafti íbúa. Landshlutinn hefur skapað sér sérstöðu í hugum fólks, bæði heimamanna og gesta.




# Um sóknaráætlun

- Framtíðarsýn
- Málaflokkar
- Áherslur
- Markmið

# Málaflokkar




## 01 Samvinna, jákvæðni og bjartsýni

Á Norðurlandi vestra ríkir jákvæðni og bjartsýni. Drifkraftur íbúa hefur mótað samfélagið og ný tækifæri hafa skapast með aukinni samvinnu og samtali. Íbúar eru sammála um fyrir hvað svæðið stendur og taka þátt í að miðla því út á við.

## 02 Góður staður til að búa á

Landshlutinn einkennist af sterkum og fjölskylduvænum samfélögum þar sem öll hafa tækifæri til að blómstra. Líflegt menningarlíf setur svip sinn á samfélagið og öflugt íþrótta- og tómstundastarf stuðlar að vellíðan og heilbrigði íbúa. Nýir íbúar hafa tækifæri til að setjast að og eru boðnir velkomnir.

## 03 Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

Atvinnulífið á Norðurlandi vestra er fjölbreytt og er í sífelldri þróun. Ungt fólk finnur störf við hæfi og launakjör eru samkeppnishæf við aðra landshluta. Stuðningur er mikill við frumkvöðla til að þróa hugmyndir sínar og láta þær verða að veruleika. Lögð er áhersla á nýsköpun í ferðaþjónustu, landbúnaði og sjávarútvegi.

## 04 Sjálfbær landshluti

Á Norðurlandi vestra er lagt kapp á að draga úr allri losun gróðurhúsa-lofttegunda auk þess sem áhersla er lögð á að innleiða hugmyndafræði hringrásarhagkerfis. Stuðlað er að aðgerðum sem eru til þess fallnar að draga úr ósjálfbærum neysluháttum og sóun því að með ábyrgri umgengni við umhverfið og náttúruauðlindir er gætt að komandi kynslóðum.

# Tengsl málaflokka við heims-markmið

| | | |
|---|---|---|
| 01 | Samvinna, jákvæðni og bjartsýni | 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING; 10 AUKINN JÖFNUÐUR; 17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN |
| 02 | Góður staður til að búa á | 3 HEILSA OG VELLÍÐAN; 4 MENNTUN FYRIR ÖLL; 10 AUKINN JÖFNUÐUR; 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG |
| 03 | Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf | 8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR; 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING; 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA |
| 04 | Sjálfbær landshluti | 9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING; 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG; 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA; 13 AÐGERÐIR Í LOFTSLAGSMÁLUM |




# Um sóknaráætlun

Framtíðarsýn

Málaflokkar

Áherslur

Markmið

03

# Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf



## Áherslur

**A**

Fjölbreytt framboð starfa

**B**

Fjárfesting í atvinnulífi og uppbyggingu

**C**

Öflug nýsköpun

**D**

Ferðaþjónusta í sókn




# Um sóknaráætlun

Framtíðarsýn

Málaflokkar

Áherslur

Markmið

03

# Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

Dæmi um áherslur

A

## Fjölbreytt framboð starfa

Á Norðurlandi vestra eru störf sem henta fólki með ólíkan bakgrunn, t.d. fólki með háskólamenntun og iðnmenntun, auk þess sem störfin tilheyra ólíkum geirum á borð við menningu, iðnað og kennslu svo eitthvað sé nefnt. Ungt fólk getur fundið spennandi störf og launastig er á pari við aðra landshluta.

### Markmið

- Fjölbreyttum störfum í landshlutanum hefur fjölgað
- Fyrirtæki með sérfræðistörfum sett á laggirnar
- Störfum án staðsetningar hefur fjölgað á svæðinu
- Svæðið er eitt atvinnusóknarsvæði
- Hækka menntunarstig í landshlutanum

### Dæmi um aðgerðir

- Vinna að því að koma upp fjarvinnusetrum í byggðakjörnum
- Hvetja opinberar stofnanir og fyrirtæki til þess að auglýsa störf án staðsetningar
- Hvetja fyrirtæki til að heimsækja skóla og bjóða nemendum í heimsókn með það að markmiði að opna augu nemenda fyrir tækifærum (í anda verkefnisins *Stækkaðu framtíðina*)
- Átak í að kynna námsframboð og styrki til náms
- Gerð úttekt á þörfum atvinnulífs fyrir menntað starfsfólk

03

# Aukin nýsköpun og fjölbreytt atvinnulíf

## Mælikvarðar

| Mælikvarði | Breyting | Heimild |
|---|---|---|
| Fjöldi gistinátta | Aukist um 20% | Hagstofa Íslands og SAF |
| Fjöldi ríkisstarfa | Aukist um 10% | Byggðastofnun og Hagstofa Íslands |
| Hlutfall íbúa með menntun umfram grunnskólapróf | Aukist um 10% | Hagstofa Íslands |
| Fjöldi sprotafyrirtækja | Aukist um 30 | SSNV og Eimur |
| Atvinnuþátttaka og meðalatvinnutekjur | Nái landsmeðaltali | Byggðastofnun og Hagstofan |
| Fjöldi sem sækir atvinnu-ráðgjöf SSNV | Aukist um 10% | SSNV |
| Fjöldi skrifborða sem leigð eru út í landshlutanum | | Byggðastofnun |

# Tímalína

## 2024/25




Aton.

# Tímalína

## 2024/25




Aton.

# Takk fyrir!




Aton.